

veigameiri en hann nú er, þar sem engin skáldsagna eða leikrita höfundur svo teljandi sé hefir ennþá komið fram á sjónarsviðið.

Eitt af því sem undarlegt má virðast er það, að hin upp-  
vaxandi íslenzka kynslóð hér hefir ekki ennþá sýnt að hún hafi tekið íslenzku ljóðagerðargáfuna í arf og gert hana að starfandi hæfileika á því máli, sem henni er eðlilegra en íslenzkan. Sjálfsgagt er aðalorsökin til þess ekki sú að náttúru gáfurnar breytist svo nokkru muni með einni kynslóð, heldur mun hún vera innifalin í því, að upp-  
vaxandi kynslóðin hér, sem er af íslenzkum foreldrum fædd, hefir aldrei kynst íslenzkum skáldskap almennilega, aldrei lesið sig inní hann. Þegar þar við bætist sá hugsunarháttur, að það eina sem nokkurt gildi hafi hér í Ameríku sé hagsýni og peningar, sem því miður er alt of rótgróinn á meðal Íslendinga, þá er eðlilegt að skáldskapargáfan nái litlum þroska á meðal Vestur-Íslendinga, sem hér eru fæddir. En nú mætti þó einmitt búast við því, ef að henni væri hlúð, þar sem að íslenzkum gáfum opnast eitt auðugasta bókmenta mál heimsins. Ávextir geta samt engir orðið nema að gáfurnar séu glæddar, og rangur og einhliða hugsunarháttur brotinn niður.

Við einu mætti búast af vestur-íslenzkum skáldum, sem þeir þó ekki hafa hingað til sýnt, nefnilaga, að það sem þeir hafa séð meira af heiminum en mörg skáld á Íslandi hefði þau áhrif á þá, að gera skáldskap þeirra víðtækari og almennara eðlis en mikið af íslenzkum skáldskap er. Að það bezta sé á einhvern hátt helgað ættjörðinni er eðlilegt og rétt, en að nærri því hvert kvæði þurfi hafa á sér íslenzkan sveitabrag er mesti misskilningur. Náttúrlega eru yrkisefnin og meðferð þeirru mjög mikið undir mentun skáldanna komin, en veruleg skáld geta fundið yrkisefni í mannlífinu og náttúru-  
inni hvar sem er; og oft ná þau sínum beztu tókum á hugum lesendanna þegar staðlegra áhrifa gætir hvað minst.

Einsog eðlilegt er eigum vér Vestur-Íslendingar enga vísindamenn. Allri vísindalegri starfsemi er þannig farið, að hún úttheimtir þá sem gefa sig við henni heila og óskifta. Þar sem